

né heldur til sölu vara, sem unnar eru úr þessum vörum. Sælgæti eða súkkulaðikex, sem yfirleitt er selt í stykkjatali, er ekki heldur undanþegið, þótt súkkulaðiinnihald þess sé undir framangreindum mörkum.

Smásöluverslanir, sem selja bæði söluskattfrjálsar og söluskattskyldar vorur skulu halda innkaupum á skattfrjálsum og skattskyldum vörum aðgreindum í bókhaldi eins og nánar er ákveðið í reglugerð fjármálaráðuneytisins 30. apríl 1975 um það efni. Þær verslanir, sem eiga birgðir af áður nefndum vörum í byrjun maímánaðar 1975 og njóta vilja frádráttar frá heildarveltu vegna þeirra við söluskattsuppgjör fyrir þann mánuð, skulu senda skattstjóra birgðaskrá með söluskattskýrslu fyrir maímánuð.

Þeir aðilar, sem selja söluskattfrjálsar vorur til endurseljenda skulu halda þeirri sölu aðgreindri frá annarri sölu á sölureikningum.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 145 frá 30. apríl 1975 og auglýsingar um breyting á auglýsingu nr. 145 frá 30. apríl 1975.

Fjármálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Dorsteinn Geirsson.

Nr. 207.

23. maí 1975.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af ýmsum lyfjum.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að beita heimild í 21. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975 og fella niður tolla af eftirtöldum lyfjum:

- A. Lyfjum sem falla undir tollskrárnúmer 30.01.00 og 30.02.00.
- B. Sérlyfjum sem skráð eru á sérlyfjaskrá.
- C. Óskráðum sérlyfjum sem falla undir tollskrárnúmer 30.03.09 og flutt eru til landsins með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. mgr. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

2. gr.

Lyf fær því aðeins tollmeðferð samkvæmt framanskráðu, að við tollafgreiðslu liggja fyrir staðfesting Lyfjaeftirlits ríkisins með áritun á vörureikning, að um lyf upptalið í A, B eða C-lið 1. gr. sé að ræða.

3. gr.

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.